

Um Innra mat skóla

Í gildandi lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 35. og 36. grein er kveðið á um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs. Samkvæmt 35. grein er markmið þess að:

1. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
2. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
3. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
4. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Í 36. grein er kveðið á um skyldur grunnskóla um að meta eigið starf en þar segir:

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Í Aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta, (Menntamálaráðuneyti 2011, bls. 29-30) er kveðið nánar á um fyrirkomulag og viðmið innra mats (sjálfsmats) grunnskóla. Þar segir meðal annars að Innra mat skóla er markvisst fléttað saman við daglegt starf og nær til allra þátta skólastarfsins, stjórnunar, kennslu, námskrafna, námsmats og samskipta innan og utan kennslustofunnar.

Innra mat veitir upplýsingar um styrkleika í starfi skólans og það sem betur má fara. Með hliðsjón af niðurstöðum innra mats eru aðgerðir síðan skráða og skipulagðar.

Innra mat Þjórsárskóla 2013-2014

Í innra matsteymi Þjórsárskóla situr Bolette Høeg Koch skólastjóri og Kristín Gísladóttir verkefnastjóri.

Viðmið í innrimati Þjórsárskóla eru stefna skólans, og markmið sem skólinn hefur sett sér á hverjum tíma. Það sem var til skoðunar þetta árið voru samskipti milli heimila og skóla. Það er mikilvægt fyrir skólagöngu nemenda okkar að samskiptin við heimilin séu farsæl og góð. Það er líka mikilvægt fyrir skólann að vita hvort foreldrar hafi greiðan aðgang að upplýsingum sem þeir þurfa.


Skólinn notar Mentor, tölvupósta og heimasíðunnar til þess að miðla upplýsingar. Umsjónarkennara skrifa vikuleg pistla heim til foreldra um það sem framundan er.

Spurningarnar sem lagðar voru fyrir foreldra voru unnar sameiginlega á kennarafundum og voru síðan settar inn á netinu. Alls voru spurð tíu spurningar, átta fjölval og tvær sem svara átti með setningum. Foreldrum var sendur tengill á spurningalistann þann 12. febrúar og könnuninni var lokað 21. febrúar.


Skólaár	Markmið	Verkefni	Aðferð
2013-2014	Foreldra samskipti.	Að finna leiðir til að efla foreldrasamskipti og bæta skólastarfið.	Spurningalistar og hugmyndavinna. Á grundvelli þeirra verða næstu skref ákveðin.

Markmiðið með könnuninni var að finna leiðir til að efla foreldrasamskiptin og bæta þar með skólastarfið. Einnig að halda áfram að vinna það sem vel er gert og reyna að bæta það sem betur megi fara. Einnig að bæta við aðferðir við samskipti ef þess að talið þörf. Helstu gallar við framkvæmdina var að það var opnar spurningar í lok hennar sem ekki allir svarendur gáfu sér tími til að svara. Þar var gefið tækifæri til þess að koma fram með hugmyndir um hvernig hægt væri að bæti samskiptin milli heimila og skóla, bæði að hálfu skólans og foreldra.


Við vorum ánægð með svarhlutfallið en 19 af 26 heimilum svöruðu könnuninni sem er 73%, en auðvitað hefði verið gaman að fá enn fleiri álit. Við settum okkur það viðmið að ef 60% eða fleiri svöruðu ættum við að taka niðurstöðurnar til greina. Til viðmiðunar notar skólapúlsinn viðmiðið 80%.




Það er markmið skólans að setja inn nýja frétt úr skólastarfið einu sinni í viku og þess vegna var markmiðið með fyrstu spurningunni að vita hvort foreldra nýti sér þá leið til að fylgjast með. Eins og sést á súluritinu eru það rúmlega 40% svarenda sem gera það.




Markmiðið með spurningu númer tvö var til að fá yfirlit yfir hversu oft foreldrar hafa frumkvæði af samskiptum. Á súluritinu sést að 20 % hefur vikulega samband á meðan tæplega 60% mánaðarlega. Þeir sem hafar sjaldan samband eru 20%.




Markmið með þessari spurningu var að fá álit foreldra á mannlegum samskiptum starfsfólks. Það teljum við skipta miklu máli. 90 % svarenda segir að viðmótið sé gott 5% að það sé í lagi og 5% að það mætti vera hlýlegra.



Markmiðið spurningunni var að kortleggja hvernig foreldrar hafða samband við skólann hvort við bjóðum upp á þær leiðir sem foreldrar nota.




Kennarar hafa oft áhyggjur vegna þess að þeim finnst að foreldrar svari ekki póstinum frá skólanum. Það hafa verið reyndar mismunandi aðferðir: fólk beðið um svara, eða bara ýta á reply. Það er ekki aðferðir sem kennurum hefur fundist sérlega árangursríkar. Þannig að markmið mið þessari spurningu er að fá að vita hvernig foreldrar upplifa samskiptin. Þarna kom okkur á óvart að 85% foreldra segjast svara póstinum frá okkur en það er ekki í samræmi við okkar upplifun.




Markmið hér var að vita hvort foreldra nýta sér upplýsingar sem settar eru í Mentor. Mentor er mikið notað til upplýsinga: bæði um heimavinnu, áætlanir og ástundunar. Að rúmlega 60% svara að þeir fara inn á mentor á viku fresti kemur ekki á óvart. 5% fara daglega og rúmlega 30% sjaldnar.

Mundir þú vilja að foreldrar fengju póst þegar frétt er sett á heimasíðu skólans?



Við leggjum metnað í að setja fréttir inn á heimasíðuna og höfum oft velt því fyrir okkur hvort foreldrar fylgist með starfi okkar þar. Leikskólinn sendir foreldrum póst þegar nýtt frétt er sett inn á heimasíðuna þeirra og það hefur reynt þeim vel. Markmiðið okkar með þessari spurningu var því að vita hvort foreldrar grunnskólabarna myndu vilja að við sendum. Rúmlega 70% svara því játandi á meðan 25% segir nei.

Finnur þú þær upplýsingar sem þú ert að leita að á heimasíðunni?



Markmiðið með þessari spurningu var að vita hvort þær upplýsingar sem við setjum inn á heimasíðuna séu settar upp þannig að foreldra finni þær. Það hafa verið umræður í skólanum um að einfalda viðmótið til að auðvelta leit. 15% foreldra finnur allaf, 68% oftast á meðan að 15% finnur ekki það sem þeir eru að leita að. Þarna er góður möguleiki fyrir okkur fyrir úrbætur.

Í lokin á könnuninni voru settar opnar spurningar með það að markmiði að leita leiða frá foreldrum um það hvernig við getum bætt samskiptin okkar. Hér á eftir koma spurningarnar og öll svörin sem komu frá foreldrum.

Hvað getur skólinn gert til að auka eða bæta samskiptin?

- Þau eru í lagi
- Samskiptin er fín
- Er að gera góða hluti
- heimasíðan mætti vera virkari
- Skólinn sendir góðar upplýsingar heim. Alltaf er verið að minna á viðburði. Finnst oftast góð samskipti við heimilið
- Það er flott að fá email um bekkjarstarfið og með heimaverkefni. En það er viss óregla hvort heimaverkefnin eru skráð einnig í Mentor eða ekki. Ég vildi gjarna fá alltaf heimaverkefnin skráð í Mentor, þá er enginn ruglingur.
- Starfsmenn skólans standa sig vel.
- Hlusta á athugasemdir og taka þær til greina en ekki alltaf byrja á því að mótmæla eða rengja það sem verið er að gera athugasemdir við
- Vikupistillinn sem við fáum (1. og 2. bekkur) er mjög fín. Það væri gaman að fá þannig fyrir starfið í eldri bekkjunum líka. Það hefði líka verið gaman að vita hvað börnin eru að fara að gera í Hörpu - en alla jafna finnst mér upplýsingastreymi gott.
- Betri heimasíðu, tíðari almennar fréttir af skólastarfi á heimasíðunni, ath með facebook.

Hvað getur heimilið gert til að auka eða bæta samskiptin?

- Þau eru í lagi
- Vera dugleg að svara tölvupóstum
- Sýna jákvæðni og svara póstum
- ?
- Hafa oftast samband, heimsækja og sjá hvað verið er að gera.
- Kannski svara öllum tölvupóstum? E.t.v. getum við einnig verið duglegri að miðla þeim upplýsingum sem börnin færa heim til ykkar, til þess að þið fáið skýrari sýn á málin, hvort sem eitthvað gekk vel eða ef eitthvað bjátar á.
- skoða heimasíðu reglulega og þátttaka í athöfnum skólans
- Fylgjast betur með heimasíðu skólans og fara oftast inn á Mentor

Umbótaáætlun

	Markmið	Aðgerð	Ábyrgðaraðilar	Tímasetning
Hvað skoðar þú oft heimasíðu skólans?	Kanna hvort heimasíða skólans sé góður vettvangur fyrir upplýsingamiðlun.	Sendu tölvupóst til foreldra þegar nýtt efni kemur inn á heimasíðuna.	Verkefnastjóri	Byrja 1. apríl 2014
Hvað hefur þú oft samband við skólann að fyrra bragði?	Til þess að kanna upplýsingastreymi og hvort það sé í báðar áttir.	Minna starfsfólk á það að svara öllum pósti og skilaboðum sem fyrst	Skólastjóri	Haustið 2014
Hvaða viðmót færð þú frá starfamönnum skólans þegar þú hefur samband?	Kanna hvort bæta þurfi viðmót starfsmanna skólans	Starfsmenn passa upp á að svara öllum fyrirspurnum vel og koma þeim áfram til réttara aðila	Skólastjóri	Haustið 2014
Hvernig hefur þú helst samskipti við skólann	Kanna hvaða samskiptaleið best er að fara til þess að ná til foreldra	Starfsfólk leggi áherslu á að nota bæði tölvupóst og síma í samskiptum við foreldra	Umsjónarkennarar	Haustið 2014
Hversu oft svarar þú pósti sem þú færð frá skólanum?	Til þess að kanna upplýsingastreymi	Óska eftir því í pósti frá kennurum að fólk staðfesti móttöku	Umsjónarkennarar	Haustið 2014
Hvað ferð þú oft inn á mentor	Kanna hvort upplýsingarnar sem við setum þar inn komist til skila	Kennarar haki við tölvupóst þegar þeir senda skilaboð á mentor	Umsjónarkennarar	Vor 2014
Myndir þú vilja að foreldrar fengu póst þegar frétt er sett inn á heimasíðu skólans.	Finna leið til þess að kanna okkar upplýsingastreymi	Sendu póst allat þegar ný frétt er komin inn á heimasíðu.	Verkefnastjóri	Vor 2014
Finnur þú þær upplýsingar sem þú ert að leita af á heimasíðunni.	Kanna hvort tímabært sé að fara yfir upplýsingar á heimasíðunni	Endurskoða heimasíðan og laga til þannig að auðveldara er að finna upplýsingar	Skólastjóri og verkefnastjóri	Vor 2014

Hvað getur skólinn gert til að auka eða bæta samskiptin?	Fá tillögur frá foreldrum um hvað við getum gert til þess að bæta okkar samstarf	Allir umsjónarkennarar setja inn á mentor, heimavinnuáætlun á fimmtudögum	Umsjónarkennarar	Vor 2014
Hvað getur heimilið gert til að auka eða bæta samskiptin?	Fá tillögur frá foreldrum um hvað við getum gert til þess að bæta okkar samstarf	Hlusta og taka tillit til óska foreldra.	Allir starfsmenn	Vor 2014

Mat

Góð samskipti við foreldra er mikilvægur þáttur í skólastarfinu og þarf stöðugt að vera til endurskoðunar. Á hverju vori verður farið yfir þessa umbótaáætlun og það hvernig til hefur tekist og hvernig við getum bætt okkur enn frekar. Skrifuð verður um það samantekt sem birt verður á heimasíðu skólans.

Að lokum

Markmiðið með þessu innra mati var að skoða foreldrasamskipti og finna leiðir til þess að efla þau. Eins og komið hefur fram áður í könnunum um samskiptum milli heimila og skóla bæði 2009 og 2011 þá nýta langflestir foreldrar sér heimasíðu skólans og er hún því góður samskiptamiðill milli heimilis og skóla. Þá kom líka fram að sumir eiga erfitt með að finna það sem þeir eru að leita af á heimsíðunni og því höfum við ákveðið að fara strax í að endurbæta uppsetningu hennar í haust.

Könnunin gefur okkur ýmsar hugmyndir um leiðir til þess að bæta samskiptin milli heimilis og skóla sem við höfum sett í aðgerðaráætlunina hér að ofan.

Þjórskóli apríl 2014

Bolette Høeg Koch, skólastjóri

